

7) Að sjóferðaprófi loknu skal dómariinn senda ríkissaksóknara, siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegs-
manna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

2. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Ef ríkissaksóknari telur koma til greina að sækja mann til saka út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, getur hann ákveðið lögreglurannsókn og sagt fyrir um þau atriði, sem lögregla skal rannsaka. Hann getur lagt opinbert mál út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum fyrir Siglingadóm, ef hann telur mál mikilvægt, en ella fer sakadómur með slík mál og dæmir þau. Skal með þau farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ef mál er lagt fyrir Siglingadóm, sætir það sókn og vörn eftir 131.—136. gr. laga nr. 74/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um þýðingarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs, þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Veita skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981.
3. Af fyrstu 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.) gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.), greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum og vegna tekna ársins 1981 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.